

Alþingi 15.2.2016

Málsnr.: 1512029
Málalykill: 0345

Fjallabyggð



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Siglufirði, 11. febrúar 2016
Nr. erindis 1601107 / GIB

Neðangreint erindi var tekið fyrir á 431. fundi bæjarráðs Fjallabyggðar þann 9. febrúar 2016.

Til umsagnar 404. mál frá nefndasviði Alþingis


Lögð var fyrir umsögn bærjarstjóra.

Bæjarráð samþykkir umsögn bærjarstjóra og leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Afgreiðsla bæjarráðs staðfest á fundi bærjarstjórnar Fjallabyggðar 10. febrúar 2016.

Virðingarfyllt,
f.h. Fjallabyggðar


Gunnar Ingi Birgisson, bærjarstjóri

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

DJ 9.feb. 2016.

Umsögn umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar og Veitna Hafnarfjarðar um frumvörp til laga um breytingu á lögum nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna 404. mál og um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga, 400. mál.

Veitur Hafnarfjarðar og umhverfis- og framkvæmdaráð bæjarins eru fylgjandi því að ofangreind frumvörp verði bæði samþykkt og leggur áherslu á að það verði sem fyrst, í þeim tilgangi að vatns- og fráveitur fái traustar lagaheimildir til gjaldtöku fyrir veitta þjónustu. Ofangreindur umsagnaraðili tekur undir athugasemdir og ábendingar Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja og styður breytingartillögur samtakanna við hvort frumvarp en um er að ræða mikilvæg ákvæði um lágmarksgjöld fyrir þessa lögbundnu þjónustu samfélagsins við íbúa og fasteignaeigendur í landinu. Frumvörpin eru flutt samhliða og hafa verið unnin í starfshópi innanrikis- og umhverfis- og auðlindaráðuneytanna með aðkomu vatnsveitna og fráveitna í landinu og eru í eðli sínu algerlega sambærileg.

Eins og fram kemur í öðrum athugasemdum við frumvörpin og fylgja þeim; er tilefni þeirra tveir dómur hæstaréttar nr. 396/2013 og 397/2013 en megin niðurstaða þeirra dóma var sú að gjaldtökuheimildir eins og þeim hafði verið beitt í lögum nr. 32/2004 og nr. 9/2009 væru ekki í samræmi við almennar viðskiptavenjur og rökum og málsástæðum veitna var alfarið hafnað af dómnum.

Sú þjónusta sem vatnsveitur og fráveitur inna af hendi og tryggir öllum aðgang að hreinu neysluvatni annarsvegar og meðhöndlun og hreinsun frárennslis hinsvegar, á þann hátt sem ma. er krafist í lögum er forsenda almenns heilbrigðis og öryggis íbúa og atvinnulífs. Sérlega er í þessu sambandi bent á þá skyldu vatnsveitna að tryggja nægilegt vatn og vatnsþrýsting í vatnsveitum til að uppfylla þarfir slökkviliða en til þess að standa undir þeirri kröfu liggur mikil fjárfesting sem að einfaldlega verður ekki fjármögnuð öðruvísi en með sérstöku gjaldi á notendur. Það er óhugsandi að eigendur einstakra fasteigna ráði því sjálfir hvenær og hvort þeir kjósa að greiða fyrir það öryggi og þá þjónustu sem að búið er að leggja í og byggja upp, jafnvel á löngum tíma.

Frá gildistöku vatnalaga nr. 15/1923 fram að uppkvaðningu áðurgreindra hæstaréttardóma 2013 var ekki, svo kunnugt sé, ágreiningur um lögmæti álagningar gjalda af þessum toga. Þannig byggðist upp úr engu í 90 ár lífsnauðsynleg grunnþjónusta. Þróun og viðhald þeirrar þjónustu verður að fá að halda áfram og alþingi verður að tryggja tekjustofna til að mæta þeim þörfum, þörfum sem alþingi sjálft hefur sett lög um að skuli veita.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. febrúar 2016

1501024SA GB
Málalykill: 400

Efni: Umsögn um frv. um br. á l. um uppbyggingu og rekstur fráveitna, 404. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 27. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreint mál.

Frumvarpið er lagt fram að beiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja. Sambandið styður eindregið að frumvarpið verði að lögum enda mun það stuðla að því að treysta tekjuöflun fráveitna og eyða ákveðinni óvissu um heimildir sveitarfélaga til gjaldtöku.

Meginmarkmið frumvarpsins er að skýra og treysta grundvöll þeirrar álagningar fráveitugjalds sem þegar fer fram á vegum fráveitna sveitarfélaga. Gengið er út frá því að þegar fráveita hefur lokið skyldum sínum varðandi tengingu heimæðar sé fyrst heimilt að hefja innheimtu fráveitugjalds og taki til allra mannvirkja innan lóðar. Þó er gert ráð fyrir að tiltekið mannvirki á fasteign geti fengið undanþágu frá fráveitugjaldi, enda sýni eigandi fram á að það geti ekki tengst fráveitu vegna landfræðilegra eða tæknilegra ástæðna eða vegna eðlis mannvirkisins.

Tilfni frumvarpsins er að Hæstiréttur dæmdi í máli nr. 613/2013 frá 6. febrúar 2014 að óheimilt væri að innheimta fráveitugjald af húsum á fasteign sem ekki voru tengd fráveitukerfi sveitarfélags. Enn fremur kom fram í dómnum að 1. mgr. 14. gr. laga nr. 9/2009 fæli í sér að um fráveitugjöld færi samkvæmt þeim lögum og reglum sem um þjónustugjöld gilda. Af því leiddi að gjaldið yrði ekki lagt á nema að gjaldandi fengi þá þjónustu sem til gjaldtökunnar svaraði. Í þessu tilliti má einnig sjá dóma Hæstaréttar Íslands nr. 396/2013 og nr. 397/2013.

Eins og rakið er í greinargerð með frumvarpinu sýnir framangreind dómaframkvæmd að ákvæði laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, eru ekki nógu skýr hvað varðar andlag gjaldtökuheimilda fráveitna. Niðurstaða dómsins vinnur gegn markmiðum laga nr. 9/2009. Fráveitur eru eitt af grunnkerfum allra byggðakjarna. Uppbygging þeirra er fjármögnuð af þjónustutekjum og almennu skattfé og því er óeðlilegt að einstakir fasteignaeigendur geti ákveðið sjálfir hvort þeir tengist fráveitu og greiði lögboðin gjöld vegna aðgangs að fráveitu.

Starfsemi fráveitna á að tryggja meðhöndlun frárennslis sem er forsenda almenns heilbrigðis og öryggis íbúa. Sveitarfélög gegna skyldum varðandi uppbyggingu og rekstur fráveitna hér á landi. Óljóst lagaumhverfi varðandi gjaldtökuheimildir fráveitna veldur hættu á tekjutapi þeirra en jafnframt er




Það markmið lagabreytingarinnar að tryggja heilnæmt umhverfi með því að allar fasteignir á starfssvæði fráveitna verði tengdar við fráveitukerfi nema sýnt sé fram á að ómöguleiki sé til staðar vegna landfræðilegra eða tæknilegra ástæðna eða vegna eðlis mannvirkisins.

Með framlagningu frumvarpsins er leitast við að eyða þeim vafaatriðum um framkvæmd laganna sem fram koma í dómaframkvæmd. Þar sem einkaréttur sveitarfélaga til reksturs fráveitu, m.a. í þéttbýli, er fyrir hendi verður til að mynda ekki valkvætt fyrir eigendur hvort skólpi sé veitt í fráveitu sveitarfélagsins eða meðhöndlað á annan hátt. Þannig mun fyrirhuguð lagabreyting styrkja rekstrargrundvöll fráveitna og stuðla að því að sveitarfélög geti sinnt enn betur þeirri skyldu að skólpi sé safnað, meðhöndlað og hreinsað á kerfisbundinn hátt með samræmdum hætti í samræmi við ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp.

Þá er lögð til breyting sem snýr að skyldu sveitarfélags til að yfirtaka tengingu frá fráveitu frá safnkerfi að lóðamörkum sveitarfélags. Verði frumvarpið að lögum verður viðkomandi sveitarfélagi eingöngu skylt að yfirtaka eina tengingu við fráveitu frá safnkerfi í stað ótilgreinds fjölda í núgildandi lögum.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

11. febrúar 2016

Umsögn Samorku um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, með síðari breytingu (gjaldtökuheimildir, réttindi og skyldur fráveitna), 404. mál & um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga (skilgreining og álagning vatnsgjalds), 400. mál.

Samorka er fylgjandi því að ofangreind frumvörp verði bæði samþykkt og leggur mikla áherslu á að það gerist sem fyrst, í þeim tilgangi að vatns- og fráveitur fái vissu um framtíðarstarfsumhverfi sitt, til hagsbóta fyrir veiturnar, umbjóðendur þeirra og umhverfið. Samtökin leggja auk þess til eina breytingartillögu við hvort frumvarp. Frumvörpin eru flutt samhliða, hafa verið unnin í sameiginlegum starfshópi innanríkis- og umhverfis- og auðlindaráðuneytanna og eru í eðli sínu svipaðs eðlis. Því sendir Samorka inn sameiginlega umsögn um málin.

Samorka leggur áherslu á að fyrir veiturnar er mikilvægast að starfsumhverfi þeirra sé skýrt, og ekki leiki vafi á túlkun mikilvægra atriða er það varða, í þessu tilviki lagaumhverfi innheimtu vatns- og fráveitugjalda. Frumvörp þessi eru niðurstaðan eftir ítarlega vinnu í ráðuneytum innanríkis- og umhverfis- og auðlindamála, eftir víðtækt samráð við alla haghafa og er það því mat Samorku að frumvörpin ættu að hljóta samþykki.

Samorka vill þó halda því til haga að fyrirliggjandi frumvörp ganga að mati samtakanna ekki alla leið í að taka tillit til ábendinga samtakanna varðandi þá vankanta sem komu í ljós á lagalegu fyrirkomulagi vatns- og fráveitugjalda, í framhaldi af úrskurðum og dómum sem féllu um það. Þar er mikilvæg sú staðreynd að vatnsveitur og fráveitur sveitarfélaga veita íbúum þeirra og öðrum húseigendum á starfssvæðum veitnanna nauðsynlega almannapjónustu í samræmi við ákvæði laga sem sett hafa verið um þessa starfssemi. Sú starfsemi tryggir öllum aðgang að hreinu neysluvatni og meðhöndlun frárennslis á réttan hátt, og er forsenda almenns heilbrigðis og öryggis íbúa sveitarfélaga. Sérlega er í þessu sambandi bent á skyldu vatnsveitna til að tryggja nægilegt vatn og vatnsþrýsting á vatnsleiðslum til að uppfylla þarfir slökkviliða. Í ljósi ofangreinds hefur það því verið mat samtakanna (og áður en dómur féllu skilningur samtakanna á ákvæðum laga um vatnsveitur sveitarfélaga) að eðlilegt sé að gjaldskylda stofnist á tilteknu byggingarstigi nýrra húseigna sem tengst geta veitu en

ráðist ekki af því hvenær húseigandi ákveður hvort húseign sé tengt við vatnsveitu eða jafnvel að hún tengist alls ekki en njóti engu að síður þeirra brunavarna sem viðkomandi veita byggir upp í þágu allra.

Samorka ítrekar þó mikilvægi þess að málin verði samþykkt og leggur áherslu á að það gerist sem fyrst, á yfirstandandi þingi, í þeim tilgangi að núverandi óvissu um starfsumhverfi veitnanna verði eytt.

Breytingartillögur

Auk þess að samþykkja þær breytingar sem þegar eru lagðar eru til í frumvörpunum, leggur Samorku til breytingar á þakinu sem sett er á vatns- og fráveitugjöldin (0,5% af heildarfasteignamatverði). Samtökin telja það mikilvægt að heimilt sé að ákveða tiltekið lágmarksgjald í gjaldskrá vatns- og fráveitu sem eftir atvikum er þá hærra en 0,5% þakið af heildarfasteignamatverði enda er því ætlað að varna óhóflegri gjaldtöku af dýrari eignum. Hér er vísað til tilvika þar sem fasteignamat er af einhverjum ástæðum mjög lágt, en full starfsemi eða eftir atvikum sambærileg starfsemi og notkun er í viðkomandi húsi og sambærilegum eða svipuðum eignum. Er þá vísað til þess að eðlilegt sé að tryggja jafnræði með gjaldendum þannig að eigendur fasteigna með mjög lágt fasteignamat séu ekki að greiða óeðlilega lágt gjald í samanburði við fasteign sem nýtt er með sambærilegum hætti. Báðir aðilar hafa aðgang að sambærilegri þjónustu og sami tilkostnaður er hjá veitunni vegna þeirra.

Dæmi er um að tvær eignir sem í er samskonar starfsemi og með sambærileg notkun séu með mjög mismunandi fasteignamat. Það getur leitt til þess að af eigninni sem er með mjög lágt fasteignamat sé verið að greiða óeðlilega lágt vatnsgjald í samanburði við sambærilega eign vegna 0,5% þaksins. Til þess að tryggja að lágmarksgjaldið sé hóflegt og á því sé einnig þak er lagt til að miða við 80 fermetra eign að hámarki og gildir þá það þak komi það seinna en 0,5% þakið, ef svo má að orði komast.

Lögð er til eftirfarandi breyting á 2. gr frumvarps til breytinga á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004: Á eftir 4. mgr. 6. gr. komi ný málsgrein 5. mgr. og 5. mgr. verði því 6. mgr. Lagt er til að ný 5. mgr. verði svohljóðandi:

5. mgr. 6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði um að heildarálagning vatnsgjalds fari ekki umfram 0,5 hundraðshluta af heildarfasteignamatverði eignar er heimilt að ákvarða lágmarksgjald sem miðast við tiltekinn fjölda fermetra samkvæmt fermetragjaldi gjaldskrár, þó þannig að gjaldið miðist aldrei við meira en 80 fermetra, auk fastagjalds.

Lögð er til eftirfarandi breyting á 3. gr frumvarps til breytinga á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009: Samkvæmt frumvarpinu í 3. gr. er lagt til að 2. og 3. málsliður 2. mgr. 15. gr. falli brott og á eftir henni komi þrjár nýjar málsgreinar (3., 4.

og 5. mgr.) Hér er lögð til sú breyting á þessari breytingartillögu að á eftir þessum málsgreinum komi ný málsgrein (6. mgr.) svohljóðandi:

6. mgr. 15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði um að heildarálagning fráveitugjalds fari ekki umfram 0,5 hundraðshluta af heildarfasteignamatsverði eignar er heimilt að ákvarða lágmarksgjald sem miðast við tiltekinn fjölda fermetra samkvæmt fermetragjaldi gjaldskrár, þó þannig að gjaldið miðist aldrei við meira en 80 fermetra, auk fastagjalds.

Samorka er fylgjandi því að Alþingi samþykki þetta frumvarp.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,



Guðstaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík 11. febrúar 2016
UST201601-223/T.Þ.
04.03

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009 (gjaldtökuheimildir, réttindi og skyldur fráveitna) (Þingskjal 550 - 404. mál)

Vísað er til erindis nefndarsviðs Alþingis, dags. 27. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Umhverfisstofnun leggur til eftirfarandi minniháttar breytingar á frumvarpinu í því skyni að auka skýrleika:

2. gr.

Ekki verður annað séð skv. 14. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna en að gjöld sem hægt er að leggja á skv. lögnum séu þrennskonar: 1) Skv. 1. mgr. - Fráveitugjald af öllum fasteignum, 2) Skv. 2. mgr. - Gjald vegna losunar miðað við innstreymi vatns þegar um er að ræða atvinnustarfsemi eða annað en venjuleg heimilisnot og 3) Skv. 3 mgr. - Aukagjald vegna mengunar sem leiðir til sérstakra aðgerða við fráveitukerfið. Í ljósi þess telur stofnunin villandi að miða heiti 14. gr. eingöngu við eitt þessara gjalda, þ.e. að kalla greinina „Fráveitugjald“ og leggur því til að heiti greinarinnar verði breytt í „Gjöld vegna fráveitu“. Breyta yrði öðrum greinum laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna til samræmis.

Í þeim tilvikum sem innheimt eru önnur gjöld en gjald skv. 1. mgr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna ætti endanleg upphæð gjalda að ráðast af summu þeirra í hvert skipti. Ekki er talið að þurfi að tiltaka það sérstaklega. Ef þó er talin þörf á því er bent á að slíkt ákvæði þarf ekki aðeins að ná til losungargjalds sbr. b-lið 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins (2. mg. 14. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna) heldur einnig aukagjalds vegna mengunar 3. mgr. 14. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna

3. gr.


Skv. b-lið 1. mgr. 3. gr. er bætt við þremur málsgreinum. Í 1. mgr. er eftirfarandi ákvæði: „Fráveitugjald skal vera hlutfall af fasteignamati fasteignar í heild en þó aldrei hærra en 0,5% af heildarmatsverði

hennar“. Í samræmi við ofangreinda tillögu stofnunarinnar um breytingu á nafni 14. gr. verður að taka afstöðu til þess hvort í stað orðsins „Fráveitugjald...“ skuli koma orðið „Gjöld vegna fráveitu...“ í ofangreindum málslið. Verði orðinu ekki breytt á eftir að setja ramma fyrir bæði losunargjald og aukagjald vegna mengunar.

Annað

Umhverfisstofnun vill nota tækifærið til að benda einnig á að enginn hefur fengið það hlutverk skv. lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna að hafa umsjón með og ábyrgð á því að lögnum sé framfylgt. Stofnunin leggur til að það verði tekið til athugunar.


Trygvi Þórðarson, sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason, lögfræðingur

